



Sjálfsmatsskýrsla 2023 - 2024

Akurskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2023-2024

Akurskóli

Reykjanesbær, júní 2024

Inngangur

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, barna- og menntamálaráðuneytis eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til fjögurra ára í senn og leggja fyrir á fundi starfsfólks og skólaráðs. Áætlun fyrir 2021-2025 er sett fram haustið 2021, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á fundi starfsfólks. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsfólk er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsfólki, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

Efnisyfirlit

1.	Innra mat í Akurskóla	5
1.1.	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?	5
1.2.	Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?.....	5
1.3.	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?	6
1.4.	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?.....	6
1.5.	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?	6
1.6.	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?	6
2.	Um skólann	7
2.1.	Kennslufræðileg sýn Akurskóla	7
3.	Viðfangsefni innra mats 2023-2024.....	9
4.	Helstu niðurstöður sjálfsmats.....	11
4.1.	Skólanámskrá	11
4.2.	Skólapúlsinn - Nemendakönnun.....	11
4.3.	Krakkarnir í hverfinu – Rannsókn og greining.....	14
4.4.	Viðhorfskönnun meðal foreldra	16
	3. bekkur.....	16
	6. bekkur.....	18
	9. bekkur.....	20
4.5.	Niðurstöður eineltisteymis.....	21
4.6.	Foreldrasamtöl.....	21
4.7.	Samtöl	22
4.8.	Moodup púlsmæling.....	22
4.9.	Kennslurýni og samtöl	23
4.10.	Lestrarskímanir	24
	3. bekkur – rýnisamtöl með kennsluráðgjöfum	24
	6. bekkur - Logos-læsissskimun.....	24
	9. bekkur - Logos-læsissskimun.....	25
	3. – 8. bekkur - Orðarún.....	25
	1. – 10. bekkur - Lesfimi.....	27
4.11.	Stærðfræðiskímanir.....	28
	Talnalína í 3., 6. og 8. bekk.....	29
5.	Framkvæmdamat.....	30
6.	Mat á séstökum þróunarverkefnum eða áhersluatriðum.....	34
6.1.	Leiðsagnarnám	34
6.2.	Heilsueflandi grunnskóli	35
6.3.	Akurinn.....	36
6.4.	Endurskoðun á aga og umgengnisstefnu Akurskóla	38
7.	Lokaorð.....	40

1. Innra mat í Akurskóla

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir sjálfsmatsaðferðum Akurskóla.



1.1. Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum. Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirliggjandi og ritun sjálfsmatskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnir hana fyrir Menntaráði og einnig er hún kynnt starfsfólki sem les yfir sjálfsmatskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatskýrslunnar og kynningu á henni.

1.2. Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu

nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lyklatríði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þess starfsfólks sem sinnir þeim þætti skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

1.3. Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

1.4. Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

1.5. Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

1.6. Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðarskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

2. Um skólann

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005. Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri skólaárið 2023-24 var Sigurbjörg Róbertsdóttir. Aðstoðarskólastjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjóri yngra stigs var Katrín Jóna Ólafsdóttir. Deildarstjóri eldra stigs var Guðrún Gunnarsdóttir. Deildarstjóri Lindar, sérþæks námsúrræðis var Arnar Smárason. Deildarstjóri stoðþjónustu og læsis var Elín Njálisdóttir. Verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Anna S. Guðmundsdóttir. Leiðtogi í byrjendalæsi var Fríða Hallfreðsdóttir og leiðtogi í Heilsuefandi grunnskóla var Jón Ásgeir Þorvaldsson.

2.1. Kennslufræðileg sýn Akurskóla



VIRÐING



GLEÐI



VELGENGNI



Gildi Akurskóla eru leiðarljós skólastarfsins en þau eru virðing, gleði og velgengni sem táknmyndirnar endurspeglar.

Merki skólans eru nemendur sem eins og plöntur vaxa upp af fræjum á akri. Mismunandi litur þeirra gefur til kynna að öll erum við ólík og höfum okkar sérstöðu.

Gildin eiga að endurspeglast í stefnu skólans og öllu hans starfi.

Í Akurskóla er nemandinn í forgrunni og leitast er við að leita allra leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Okkur finnst mikilvægt að allir nemendur hafi **jöfn tækifæri til náms** en leggjum líka áherslu á **teymiskennslu kennara**, **Uppbyggingarstefnuna**, **Byrjendalæsi**, **góðan námsárangur**, **fjölbreytta kennsluhætti**, **útikennslu** og **jákvæð og öflug samskipti við foreldra**.

Jöfn tækifæri til náms eru ein af grunnstoðum menntastefnu Reykjanesbæjar. Í Akurskóla er þörfum nemenda mætt úr frá námsstíl, námshæfni og áhuga. Unnið er með sterkar hliðar

nemenda og miðað er að því að gera nemendur sjálfstæða í námi með góðri endurgjöf. Við skólann starfa fjölbreyttar starfsstéttir til að mæta nemendum á sem skilvirkastan hátt.

Teymiskennsla kennara er ein af lykilstoðum í námi og kennslu nemenda. Hver árgangur er ein heild með tvo eða fleiri umsjónarkennara sem saman bera ábyrgð á undirbúningi og skipulagi kennslunnar. Kennarar skipta oft með sér verkum þannig að styrkleikar hvers og eins nýtast sem best í kennslu.

Uppbyggingarstefnan er notuð er til að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja velferð allra innan skólans. Lögð er áhersla á að byggja upp sjálfsaga og ábyrgð hjá einstaklingum með samræðum um lífsgildi og eigið sjálf. Lögð er áhersla á lífsgildin, ábyrgð og virðingu, og er nemendum kennt að bera ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi í 1. - 3. bekk. Kennsluaðferðin byggir á því að lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir þar sem merkingarbær viðfangsefni eru megináherslan og unnið er út frá gæðatexta. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.

Til að stuðla að **góðum námsárangri** er námsumhverfi hvetjandi og væntingar eru gerðar til nemenda um nám óháð færni þeirra og getu. Allir nemendur fá áskorun og ögrun við hæfi í skólastarfinu.

Fjölbreyttir kennsluhættir og útikennsla eru ríkjandi þættir í skólastarfinu. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í öllum kennslustundum og ígrunda starf sitt til að koma til móts við nemendur. Skólinn á útikennslusvæði, Narfakotsseylu, og nýtir það svæði ásamt öðru í nágrenni skólans til útikennslu. Nemendur læra að þekkja náttúruna og umhverfi skólans er nýtt til rannsókna og athugana.

Jákvæð og öflug samskipti við foreldra eru mikilvægur hlekkur í námi barnanna. Við viljum stuðla að faglegri samvinnu við foreldra og góðu upplýsingastreymi. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag sem styður við skólann á allan hátt. Einnig er skólaráð skólastjórnendum til ráðgjafar þegar á þarf að halda. Skólinn sendir reglulega pósta á foreldra ásamt því að vera með lifandi heimasíðu og Facebook síðu.

Í Akurskóla ríkir faglegur metnaður og leitast er eftir að skólinn sé eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsfólk finnur fyrir öryggi og vellíðan og fá tækifæri til að vaxa í starfi.

3. Viðfangsefni innra mats 2023-2024

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og stjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skóla-námskrá	Endurskoðun á starfsáætlun og bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsfólk og skólaráð.	x	x							
Skólapúlsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólapúlsinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
Foreldrar	Viðhorfskannanir í 3., 6. og 9. bekk	Stjórnendur	30. janúar	Foreldrar í 3., 6. og 9. bekk.		x		x			x		
Starfsfólk	Samtöl.	Stjórnendur.	Feb. - mars.	Allt starfsfólk.	x				x	x	x		
	Kennslurýni og samtöl í kjölfarið	Stjórnendur.	Jan. – feb.	Kennarar.	x	x			x	x	x		
	MoodUp – púlsmæling	Reykjanesbær	Nóv. - maí	Allt starfsfólk	x				x	x	x		x
Lestrarskimanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Menntasvið Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	6. bekkur - nemendur sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli 90-120 orðum á mínútu.		x		x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Menntasvið Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Apríl	9. bekkur - nemendur sem eru undir viðmiði 1 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli viðmiðs 1 og 2.		x		x					
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónar-kennarar.	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x					
	Lesferill - lesskimun	Deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar.	Október.	1. bekkur		x		x					
	Lesferill - Lesfimi og hliðarpróf eftir þörfum	Kennarar 1.-6. bekk, deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar	Prisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x					

Stærðfræðiskimanir	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	3. bekkur.		x		x					
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	6. bekkur.		x		x					
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu verið deildarstjóra stoðþjónustu	Janúar til mars.	8. bekkur		X		X					
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur	Allt skólaárið.	Starfsfólk skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x

4. Helstu niðurstöður sjálfsmats

4.1. Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Almenni hlutinn var endurskoðaður 2022 og gildir nú til 2026. Skólanámskrá Akurskóla má sjá hér:

<https://www.akurskoli.is/skolanamskra/almennur-hluti>

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum. Starfsáætlun er endurskoðuð ár hvert og birt að hausti.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans <https://www.akurskoli.is/skolanamskra>. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bekkjarnámskrár að vori og aftur að hausti og eru þær birtar í október á heimasíðu skólans.

4.2. Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir

Skólapúlsins lagðar fyrir, þ.e. nemenda-, foreldra- og starfsfólkskönnun en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár var einungis nemendakönnun lögð fyrir.

Þegar rýnt var í niðurstöður var athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum sem kannaðir eru í Skólapúlsinum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt yfir eða undir eru skoðaðir sérstaklega.

Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í þrjú úrtök í september, janúar og maí til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 136 nemendur af 147 svöruðu nemendakönnuninni í ár sem gerir 92,5% svarhlutfall.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt. Nýir matsþættir sem spurt var um í ár eru símanotkun og mataráskrift.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Niðurstöður síðustu ára hafa ekki verið nægilega góðar að mati stjórnenda Akurskóla. Akurskóli er að koma verr út en við hefðum viljað og of oft marktækt undir meðaltali í einstaka þáttum. Þegar rýnt var í niðurstöður í fyrra var ákveðið að gera breytingar á fyrirkomulagi könnunarinnar og voru fyrstu skrefin tekin nú á þessu skólaári. Í ár var könnunin lögð fyrir hvert úrtak í tvennu lagi, annars vegar með nemendum í 6.-7. bekk og hins vegar með nemendum í 8.-10. bekk. Í hvorri fyrirlögninni voru tveir stjórnendur og námsráðgjafi og fengu nemendur aðstoð við að svara þeim spurningum sem þeim þóttu flóknar. Öllum nemendum stóðu heyrnatól til boða svo þau gætu nýtt sér talgervil Skólapúlsins. Þeir nemendur sem þiggja mikla sérkennslu eða ÍSAT kennslu fengu að taka könnunina með sínum sérkennara í rólegra umhverfi. Við upphaf fyrirlagnarinnar var það fyrirkomulag kynnt fyrir nemendum að stjórnendur hyggjast taka niðurstöðurnar saman og funda með hverjum árgangi fyrir sig um þær breytingar sem þarf að gera út frá niðurstöðunum. Er það á áætlun á haustdögum að fara í þá vinnu og einnig funda með kennurum og kynna niðurstöðurnar fyrir þeim.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,9	131	0,1	4,2	17.661	-0,3*
1.2. Þrautseigja í námi	4,1	137	0,2	4,4	17.780	-0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,5	138	0,0	4,5	18.033	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,4	138	0,0	4,2	18.019	0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,0	138	0,2	4,3	17.746	-0,3*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	138	-0,2	4,8	17.967	-0,3
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	75,2%	103/137	-	80,3%	13920/17500	-5,1%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,7 klst.	103	-	0,6 klst.	13.871	0,1 klst.

Hér má sjá að jákvæð breyting hefur orðið á milli ára í ánægju nemenda af lestri, þrautseigju í námi og trú á eigin vinnubrögð í námi. Síðustu tveir matsþættirnir á þessari mynd eru nýir í ár og sjá má á þessum niðurstöðum að um 5% færri nemendur í Akurskóla eru með snjallsíma en nemendur á sama aldri á landsvísu.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,9	138	0,3	4,3	17.675	-0,4*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	137	0,4	4,3	17.611	-0,2
2.3. Velliðan	3,8	137	0,3	4,4	17.840	-0,6*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	58	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,1	137	-0,5	5,8	17.796	0,3*
2.6. Tíðni eineltis	13,9%	19/137	-3,3%	15,2%	2787/17751	-1,3%
2.7. Staðir eineltis	-	19	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	63,5%	87/137	-	76,9%	13666/17613	-13,4%*
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	41,1%	37/90	-	40,1%	6029/14960	1,0%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	47	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	59	-	-	-	-

Hér má sjá mjög svo ánægjulega þróun þar sem jákvæð breyting hefur orðið á fimm matsþáttum. Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, velliðan og einelti hefur batnað á milli ára að mati nemenda í Akurskóla. Síðustu fjórir matsþættirnir í þessari töflu eru nýir þættir sem eru metnir í fyrsta sinn á þessu skólaári. Úr þessum niðurstöðum má lesa að marktækt færri nemendur í Akurskóla eru mataráskrift en nemendur á landsvísu.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,4	136	0,4	4,8	17.518	-0,4*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,7	136	-0,1	4,7	17.702	0,0
3.3. Agi í tímum	4,2	136	0,4	4,7	17.681	-0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	136	0,1	4,8	17.592	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,5	136	-0,3	4,8	17.608	-0,3*

Hér má einnig sjá jákvæða þróun þó enn megi gera betur. Samsömun við nemendahópinn, agi í tímum og virk þátttaka nemenda í tímum hefur farið batnandi á milli ára. Athygli vekur að tíðni leiðsagnarmats er marktækt undir landsmeðaltali þar sem Akurskóli hefur verið að innleiða Leiðsagnarnám síðastliðin tvö skólaár. Það verður kannað frekar í haust þegar til stendur að halda áfram þeirri vinnu sem hófst á þessu skólaári.


4.3. Krakkarnir í hverfinu – Rannsókn og greining

Rannsókn og greining leggur fyrir könnun meðal miðstigs annars vegar og unglíngastigs hins vegar þar sem spurt er um margt sem snýr að börnum og unglíngum og þeirra lífi. Akurskóli fær skýrslu um niðurstöður hjá okkar nemendum en könnunin er lögð fyrir í október til nóvember 2023. Framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar var á vegum Rannsóknna & greiningar með góðri samvinnu við sveitarfélög og skóla. Spurningalistar voru lagðir fyrir rafrænt þar sem nemendur voru beðnir um að svara öllum spurningum eftir bestu getu. Í skýrslunni sem skólinn fær eru birtar helstu niðurstöður en hér birtum við helstu niðurstöður fyrir miðstigið og



unglingastigið. Þessar niðurstöður nýtast ekki eingöngu skólanum heldur einnig foreldrum til að sjá stöðuna í okkar hverfi.

Lykiltölur í lífi unglina 8. – 10. bekkur:




4.4. Viðhorfskönnun meðal foreldra

Eins og síðasta skólaár var ákveðið að skoða sérstaklega viðhorf foreldra í 3., 6. og 9. bekk til skólans. Foreldrar og forráðamenn svöruðu könnun um leið og þeir komu út frá umsjónarkennara á samtalsdegi og var óskað eftir að þeir tækju afstöðu til ákveðinna þátta í skólastarfinu.


3. bekkur

■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála




Niðurstöður voru nokkuð góðar en þátttaka foreldra hefði mátt vera betri því 14 svör bárust frá foreldrum í 3. bekk þar sem 31 barn er í árganginum. Höfum við rýnt í niðurstöður og tekið til greina það sem við þurfum að bæta okkur í. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið traust er borið til starfsfólks skólans, að foreldrar upplifi að þeir séu velkomnir í skólann og að barninu líði vel í skólanum. Það voru margir þættir að koma vel út í 3. bekk en það verður þó að setja þann fyrirvara að afar fá svör eru á bakvið hvern lið.

Í ár spurðum við sérstaklega um ánægju foreldra með samtalsdaginn sem var nemendastýrður. Upplifun foreldra í 3. bekk var mjög góð af þessu fyrirkomulagi. Eins og sjá má af myndinni.




6. bekkur

■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála




Svörun foreldra í 6. bekk var frekar góð, 25 foreldrar svöruðu en 38 börn eru í bekknum. Í 6. bekk voru einnig afar góðar niðurstöður og foreldrar mjög ánægðir með marga þætti skólastarfsins. Eins og hjá foreldrum nemenda í 3. bekk finnst foreldrum að skólinn þurfi að taka betur á einelti og agavandamálum.

Þegar foreldrar í 6. bekk voru spurð um ánægju með samtalsdaginn voru flestir nokkuð ánægðir eins og sjá má á myndinni.




9. bekkur

25 svör bárust frá foreldrum 36 barna í 9. bekk í ár. Líkt og í 3. og 6. bekk voru mjög ánægjulegar niðurstöður í 9. bekk eins og sjá má á myndinni.



Þegar foreldrar voru spurðir um nemendastýrðu foreldrasamtölin var svörunin góð eins og myndin sýnir.



4.5. Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla. Í því sitja Sigrún Helga Björgvinsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Arna Arnarsdóttir þroskaþjálfari, Ester Inga Alfreðsdóttir kennari, Guðrún Gunnarsdóttir deildarstjóri 6.-10. bekk og Katrín Jóna Ólafsdóttir deildarstjóri 1.-5. bekk. Einnig koma umsjónarkennarar að málum og eru með í viðtölum.

Á þessu skólaári bárust tvær tilkynningar vegna gruns um einelti. Öðru málinu hefur verið lokað. Hitt málið er enn þá opið og verður haldið áfram að vinna með það á næsta skólaári.

4.6. Foreldrasamtöl

Í ár var ákveðið að hafa einn samtalsdag á skóladagatali og umsjónarkennarar hringdu í foreldra í október. Kennarar sendu út tölvupóst vikuna áður og minntu á símtölin ef foreldrar vildu óska eftir ákveðnum tíma. Hefðbundinn samtalsdagur var síðan 30. janúar og fóru tímamantanir fram í gegn um Mentor.

Samtalsdagurinn var nemendastýrður, líkt og árið á undan, og voru stjórnendur búnir að útbúa eyðublað fyrir kennara til þess að nýta sér í þá vinnu með nemendum. Um var að ræða þrjár mismunandi útgáfur, fyrir yngsta-, mið- og unglingastig, þar sem nemendastýringin var mismikil eftir því hvað hentaði hverju aldursbili.

Í kjölfar samtalsdagsins í október var send út könnun þar sem kennarar voru spurðir út í fyrirkomulagið. Sex spurningar voru í könnuninni og voru þær:


1. Fyrir hvaða árgang er verið að svara?
2. Náðuð þið sambandi við foreldra allra nemenda í árganginum ykkar?
3. Ef þið sögðuð nei í spurningu 2 hver var ástæðan fyrir því að ekki náðist í alla foreldra?
4. Hve marga náðuð þið í af foreldrum?
5. Hvernig finnst ykkur þetta fyrirkomulag á haustönn þ.e. að hafa ekki formlegan samtalsdag og hringja heim í staðinn?
6. Annað sem þið viljið koma á framfæri?

Almennt gekk vel að ná á foreldra. Flestum kennurum fannst þetta fyrirkomulag að hringja heim ekki nógu gott og vilja frekar hafa samtalsdag þar sem foreldrar koma í skólann í samtali. Næsta skólaár verða tveir samtalsdagar, annar í september og hinn í janúar.

4.7. Samtöl

Öllu starfsfólki skólans stóð til boða að fara í samtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Starfsfólk fyllti út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Stjórnendur skráðu á sig starfsfólk til viðtals af handahófi. Svör starfsfólks voru notuð sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og af 69 sem svöruðu mættu 37 til viðtals.

Spurt var um líðan, starfsánægju, árangur í starfi og samstarf við hina ólíku aðila innan skólasamfélagsins.



Almenn líðan var yfirleitt góð hjá starfsfólki og samstarf við alla til fyrirmyndar.

Starfsfólk sá margt í skólastarfinu sem hægt var að hrósa. Hrósi starfsfólks var safnað saman á Padlet vegg og birt öllum og var almenn ánægja með það.

4.8. Moodup púlsmæling

Reykjanesbær tók upp mælingar meðal starfsfólks Reykjanesbæjar á starfsánægju og sendi út fjórar kannanir frá nóvember til maí. Hver starfsmaður fékk um 10 spurningar í hvert sinn úr 200 spurninga banka. Starfsánægja jókst mikið á skólaárinu og hækkaði um heilt stig úr 6,3 í 7,3. Styrkleikar voru eins og myndin sýnir:

DRIFKRAFTUR	SPURNING	SVÖR	EINKUNN	DREIFING
⚡ Helgun	Ég legg mikið á mig til að sinna starfi mínu vel	40	9,0	
👤 Viðurkenning	Ég hrósa samstarfsfólki mínu þegar því tekst vel til í starfi	37	8,4	
👥 Samband við jafningja	Mér finnst gaman að vinna með samstarfsfólki mínu	35	8,4	
👥 Samband við jafningja	Samstarfsfólk mitt leggur sig allt fram við að skila vel unnu verki	37	8,2	
★ Ánægja	Mér finnst hlutverk mitt áhugavert og krefjandi	35	8,1	

Helstu niðurstöður voru kynntar á fundi starfsfólks og verður unnið áfram með að bæta starfsandann og ánægju á næsta ári.

4.9. Kennslurýni og samtöl

Að venju fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum. Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu þessa þætti hjá kennaranum. Hver kennari fékk svo samtalið við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið.

Þau viðmið sem voru skoðuð núna sjást hér á myndinni.

4. Vinnuvenjur nemenda

Viðmið	Ófullnægjandi	Fullnægjandi	Gott	Frábært
Nemendur eru virkir í eigin námi	Nemendur taka ekki virkan þátt í eigin námi	Nemendur taka að hluta til virkan þátt í kennslustundinni	Nemendum gefast regluleg tækifæri til að vera virkir þátttakendur í kennslustundinni	Viðfangsefnið er skipulagt og kynnt með þeim hætti að nemendur taka alltaf virkan þátt í eigin námi
Hvatt er til samræðu milli nemenda annars vegar og nemenda og kennara hins vegar (e. dialóg)	Það gefast fá ef nokkur tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í samræðu	Nemendur fá tækifæri til skoðanaskipta sín á milli og við kennara	Það er gert ráð fyrir samræðu í kennslustundinni og hún notuð til að efla námið	Markviss notkun samræðu m.a. með því að sýna og ræða ákveðin dæmi, sem tryggir að allir nemendur fá tækifæri til að tjá sig og ræða verkefnið frá ólíkum sjónarhornum, sín á milli og við kennara
Sjálfstæð vinnubrögð eru í hávegum höfð	Það er ekki hvatt til sjálfstæðra vinnubragða	Nemendur fá tækifæri til að vinna sjálfstætt	Nemendum gefast margvísleg tækifæri til að vinna sjálfstætt	Verkefni eru skipulögð þannig að nemendur vinna sjálfstætt til að ná árangri. Jafnframt er þeim tryggður markviss stuðningur.
Paravinna	Nemendur vinna ekki saman	Paravinna er af og til í kennslunni	Nemendur vinna saman í þörum á markvissan hátt til að efla námið	Nemendur nýta markviss paravinnu bæði samkvæmt fyrirætlum og að eigin frumkvæði til að styðja við nám sitt
Nemendur kynna vinnu sína	Nemendum gefst ekkert tækifæri til að kynna vinnu sína	Nemendur fá tækifæri til að kynna vinnu sína	Kennsluáætlunin gerir ráð fyrir að nemendur kynni vinnu sína til að styðja við námið	Kynningar nemenda eru notaðar á markvissan hátt til að hvetja, hrósa, styðja við námið, gefa fyrirmyndir, skapa tækifæri til sjálfsmats og dýpka þekkingu nemenda
Nemendur vinna að sjálfsmati	Ekkert sjálfsmat fer fram	Nemendur fá tækifæri til að leggja mat á eigin vinnu	Nemendur nota náms- og árangursmarkmið til að meta eigin vinnu og nám	Nemendur nota náms- og árangursmarkmið til að meta eigin vinnu og nám á árangursríkan hátt, greina styrkleika sína og veikleika og setja sér markmið

Lykilhugtök fyrir kennara:



Lyklar að árangri

Spyrjið nemendur hvað meira þeir vilji vita um viðfangsefnið	Leyfið nemendum að meta vinnu sína t.d. með stimplum eða límmiðum
Hvetjið nemendur til aflla sér frekari upplýsinga um viðfangsefnið, beinið þeim að viðeigandi heimildum og gefið þeim tækifæri til að gera sínar eigin uppgötvanir	Fáið nemendur til að skrifa athugasemdir/umsagnir um vinnu sína
Leyfið uppbyggilegt „spjall“ í kennslustundinni svo nemendur geti lært hver af öðrum	Fáið nemendur til að telja upp hvað þeim finnst skipta máli til þess að texti uppfylli viðmið um ólíkar textagerðir
Skafið tækifæri til að <u>dugmeiri</u> nemendur aðstoði <u>dugminni</u> nemendur.	Notið hlutverkaleiki og/eða talað mál og hlustun í kennslunni
Leyfið nemendum með góða sjálfsmynd að „kenna“ bekkjarfélögum sínum með því að sýna hvernig þeir leystu verkefni sín	Gefið nemendum tækifæri til að fara sjálfir yfir verkefni sín og/eða leiðrétta þau

4.10. Lestrarskimanir

Í Akurskóla eru lagðar reglulega fyrir skimanir í lestri s.s. Logos og Lesfimi ásamt Orðarún. Kennarar leggja þessar skimanir fyrir og vinna úr þeim og gera áætlanir um áframhaldandi vinnu til að efla lestur og læsi í sínum árgangi.

3. bekkur – rýnisamtöl með kennsluráðgjöfum

Kennsluráðgjafar komu í skólann í byrjun mars og voru með rýnisamtöl við deildarstjóra stoðþjónustu, sérkennara og bekkjarkennara 3. bekkjar. Þar var rýnt í 3. bekkinn út frá lestrarfærni og niðurstöður Lesferlis skoðaðar. Í gegnum samtalið var framhaldið ákveðið, hvaða nemendur þarf að halda betur utan um og hvernig við sjáum fyrir okkur lestrarþjálfun bekkjarins.

6. bekkur - Logos-læsissskimun

Í Logos í 6. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Út frá niðurstöðum lesferils sem lagt var fyrir í maí og september voru 22 nemendur af 38 undir viðmiðum og ekki með neina lestrarörðuleika sem vitað var um. Eftir nánari skoðun var ákveðið að skima 20 með greiningarprófinu Logos, en þeir tveir nemendur sem standa út af eru nemendur sem eru nýfluttir til Íslands og teljum við það vera rótina að lestrarerfiðleikum þeirra. Kennsluráðgjafar frá menntasviði kynntu niðurstöður fyrir kennurum og deildarstjóra stoðþjónustu á fundi.

Niðurstöður skimunar Logos sýndu fram á að kanna þurfti frekar 13 nemendur, 11 af þeim greindust með lesblindu og 2 með lestrarerfiðleika. Allir nemendur í 6. bekk fengu

þjálfunarefnið Þristinn með sér heim til að þjálfra lesfimi. Í lesfimiþrófi Lesferils í vor sáust framfarir hjá flestum nemendum.

9. bekkur - Logos-læsissskimun

Í Logos í 9. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir viðmiðum 2 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar og hafa ekki fengið lesblindugreiningu nú þegar. Þessi skimun fór fram 12.apríl og voru fimm nemendur skimaðir. Í kjölfar hennar kynntu kennsluráðgjafar frá menntasviði niðurstöður fyrir kennurum og deildarstjóra stoðþjónustu. Eftir skimunina var ákveðið að senda engan nemanda áfram í greiningarferli.

3. – 8. bekkur - Orðarún


Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófin eru lögð fyrir í að hausti í október og svo að vori í febrúar.


Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Orðarún 2023-2024



Hér má sjá meðaltal hvers árgangs í hvoru prófi fyrir sig. Akurskóli miðar við að meðaltal árgangs sé 65% og erum við sífellt að nálgast þá tölu. Við sjáum að það eru framfarir á milli prófa hjá öllum árgöngum skólans.

Hlutfall nemenda með 11-20 atriði rétt



Hér má sjá að hlutfall þeirra nemenda sem svöruðu 11-20 atriðum rétt af 20 fjölgar á milli prófa í fimm árgöngum af sex. Framfarirnar eru miklar í flestum árgöngum. Deildarstjóri

stoðþjónustu var með örnámskeið á milli prófanna til að fara yfir hvernig væri best að fylgja niðurstöðunum eftir og hvernig er gott að þjálfra lesskilning hjá nemendum okkar.

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna beggja mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun í bekk og endurmati. Þjálfunin fól í sér markvissa orðaforðakennslu og einnig þjálfun í lesskilningi í víðu samhengi.

1. – 10. bekkur - Lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

1. bekkur: Lesskimunarpróf í september

1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.

1.-10. bekkur: Sjónrænn orðaforði og orðleysur í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:

- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla

Umsjónarkennarar í 1. - 6. bekk lögðu prófin fyrir hjá sínum nemendum en í 7. - 10. bekk lögðu íslenskukennarar lesfimiþrófin fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Eftir fyrirlögn voru niðurstöður skráðar inn í Skólagátt og kennarar fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldrá á landsvísu og unnu út frá henni. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.


Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiþrófa í öllum árgöngum voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til menntasviðs til úrvinnslu.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðþekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið fram á vor ásamt endur innlögn á stöfum. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennara. Nemendur yngri bekkjanna lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa reglulega. Þeir nemendur í 2. til 7. bekk sem voru nálægt 1. þrepi fengu þjálfunarefnið Eitt skref í einu – Lesfimiþjálfun eða Fimmuna allt eftir því hvað hentaði hverjum og einum.

Einnig voru flestar bekkjardeildir með lestrarátak einhvern tímann yfir skólaárið.


Eins og sjá má á þessum tveimur myndum frá fyrirlögn í september og maí sýna nemendur í Akurskóla töluverðar framfarir.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Akurskóli, sept. 2023



Fyrsta súlan sýnir viðmið MMS fyrir alla árganga. Í september eru nemendur Akurskóla nokkuð frá þessu viðmiði.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Akurskóli, maí 2024



Í maí má sjá að allir árgangar ná framförum í lesfimi. Nemendum undir viðmiði 1 hefur fækkað verulega og hlutfall nemenda milli viðmiðs 2 og 3 og yfir viðmiði 3 hefur hækkað.

4.11. Stærðfræðiskimanir

Akurskóli leggur fyrir skimunarprófið Talnalínu. Það skimunarpróf er tiltölulega nýtt matstæki og er þetta þriðja skólaárið sem skimunarprófið er notað. Talnalína er próf sem metur grunnþætti stærðfræðinnar í 3., 6. og 8. bekk. Stærðfræðikennarar bekkjanna leggja prófin fyrir en deildarstjóri stoðþjónustu er þeim innan handar. Eftir fyrirlögnina skrifa

kennarar stutta greinagerð og hún ásamt niðurstöðum eru sendar á skrifstofu menntasviðs Reykjanesbæjar.

Talnalína í 3., 6. og 8. bekk

Talnalína er nýtt stöðupróf í stærðfræði sem lagt er fyrir nemendur í 3. og 6. bekk fyrir lok janúar og lagt fyrir nemendur í 8. bekk fyrir lok mars. Kennarar leggja þessi próf fyrir og kynna svo sjálfir niðurstöðurnar fyrir deildarstjóra stoðþjónustu og skrifstofu menntasviðs. Prófið metur hvar nemandinn stendur í því efni sem kennt hefur verið. Dæmin í prófinu eru metin sem A, B eða C hæfni, og er það stefna skólans að sem flestir nái B hæfni í öllum efnispáttum í lok skólaársins. Niðurstöður Talnalínu eru ekki reiknaðar í prósentum eða raðeinkunn. Niðurstöðurnar sýna einungis hvar einstaka nemandi stendur og hvað hann þarf aðstoð með til að efla enn frekar færni sína.

Prófinu fylgir ítarefni sem kennarar nýta sér ef nemandi hefur ekki náð B hæfni í ákveðnum efnispáttum. Ef vinnan með ítarefni skilar ekki tilætluðum árangri koma kennsluráðgjafar með tillögur að næstu skrefum.

Skimunin í 3. bekk var lögð fyrir í janúar. Hún var lögð fyrir í tvennu lagi þar sem einn hópur var í kennslustofunni en þau sem þurftu meiri aðstoð fóru á bókasafnið í meira næði. Nemendunum gekk ágætlega. Fjórir nemendur fóru í sérkennslu í stærðfræði í kjölfarið. Umsjónarkennarar fóru betur í uppsett dæmi, þriggja stafa tölur og stærðfræðitáknin þar sem sú færni kom ekki nógu vel út í skimuninni.

Talnalínan var lögð fyrir 6. bekk í janúar 2024. Farið var í undirbúningsvinnu í desember og janúar þar sem nemendur fengu upprifjun og innlögn ásamt dæmum til að æfa sig á.

Niðurstöðurnar komu vel út hjá árganginum og var ekki talin þörf á frekari eftirfylgni. Þeir nemendur sem hafa stuðning í stærðfræði námið var haldið því áfram.

Talnalína var lögð fyrir 8. bekk í maí 2024. Könnunin var lögð fyrir 23 nemendur í tvennu lagi í aðliggjandi tímum, fyrir og eftir hádegið. Þrír nemendur fengu að klára könnunina í fyrsta tíma daginn eftir. Nemendur fengu engan sérstakan undirbúning fyrir skimunina en voru þó látnir vita að hún yrði lögð fyrir. Enginn nemandi náði C og B hæfni í öllum þáttum. Því fá allir nemendur sent heim ítarefni á næsta skólaári, þar sem niðurstöðurnar í heild sinni eru lýsandi fyrir stöðu árgangsins í stærðfræði. Niðurstöðurnar benda til þess að vinna þurfi markvisst með fjölmörg grunnatriði í framhaldinu.

5. Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur og starfsfólk	Nemendur mættur í heimastofur 23. ágúst, 2.-6. bekkur kl. 8.20 og 7.-10. bekkur kl. 8.30. Kennsla hófst eftir stutta setningu inni hverju rými. Eftir það hófst kennsla en var fyrsti dagur uppbrotsdagur þar sem áhersla var lögð á hópefli. Nemendur í 1. bekk komu á sal 24. ágúst þar sem var stutt athöfn og fóru nemendur síðan í sitt rými og hófst kennsla þá. Ábending kom um að hafa þennan dag sem skertan dag á næsta ári.
Ólympíu-hlaup ÍSÍ	Allt starfsfólk og viðburða-teymi	Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Nemendur geta valið á milli vegalengdanna 2,5 km, 5 og 10 km. Að hlaupinu loknu fær hver skóli viðurkenningarskjal þar sem greint er frá fjölda þeirra sem hlupu ásamt heildarvegalengd sem hlaupin var. Það skal tekið fram að hér er fyrst og fremst lögð áhersla á holla hreyfingu og að allir taki þátt. Á næsta skólaári væri betra að hafa hlaupið bara 80 mínútur og að nemendur fari ekki annan hring þegar tíminn er að verða búinn. Góð þátttaka var í Akurskóla. Nemendur 7. bekkjar áttu bestan árangur yfir fjölda kílómetra í Ólympíuhlaupinu. Nemendur fengu einnig viðurkenningu fyrir að hlaupa fimm eða fleiri hringi í hlaupinu. Verðlaunahafar í Ólympíuhlaupinu voru 4., 7. og 9. bekkur.
Göngum í skólann	Allt starfsfólk og íþróttakennarar	Markmið verkefnisins, Göngum í skólann, er m.a. að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og um leið fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Von ÍSÍ er að þetta verkefni sé hvatning fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla allt árið um kring. Góð þátttaka var í Akurskóla. Nemendur í 3. bekk voru duglegust yfir skólann að ganga í skólann en um 93% þátttaka var í þeirra árgangi. Verðlaunahafar í Göngum í skólann voru 3., 7. og 9. bekkur.
Þemadagar að hausti	Allir starfmenn	Þemað var Innri-Njarðvík-nærumhverfið okkar. Nemendum í 1.-10. bekk var skipt í 10 hópa þvert á árganga. Hver hópur vann með sitt verkefni sem tengdist Innri-Njarðvík. Hugmyndir fyrir næstu þemadaga er að leyfa nemendum að hafa meira um það að segja hvert þemað sé. Einnig að þemað sér bara fram að hádegismat og hefðbundin kennsla eftir hádegis. Mikilvægt að hafa afurð af þemadögum.
Dagur eineltis	Allt Starfsfólk	Hver og einn árgangur vann verkefni tengt jákvæðum samskiptum. Gekk mjög vel og skemmtilegur dagur og verkefni sem litu dagsins ljós.

Lestrar- verkefnið Skólaslit 3	Allt starfsfólk	Skólinn tók þátt í lestrarverkefninu Skólaslit. Í heilan mánuð birtist einn kafli úr framhaldssögu sem nemendur í 3.-10. bekk fylgdust með. Margir bekkir unnu lestrartengd verkefni samhliða bókinni.
Upplestrar- keppnin hjá 7.bekk	Stjórnendur	Handbókin með leiðbeiningum fyrir kennara til hvers er ætlast af nemendum í keppninni og hvernig best er að haga undirbúningi keppninnar var send á íslenskukennara í 7. bekk við upphaf skólaárs. Á Degi íslenskrar tungu var upplestrarkeppnin sett formlega á sal þar sem nemendur í 8. bekk létu ræðupúltið ganga til 7. bekkjar. Það voru tveir nemendur í 8. bekk sem afhentu það og tveir nemendur í 7. bekk sem tóku við því. Átta nemendur komust áfram úr bekkjarkeppni og tveir fóru fyrir hönd Akurskóla í lokakeppnina sem fór fram í Hljómahöll, tveir. Nemendum í 6. bekk var boðið að koma og horfa á keppnina á sal, ásamt nemendum í 7. bekk og foreldrum keppenda. Dómarar skólaárið 2023-2024 voru Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri, Hrafnhildur Hilmarsdóttir fyrrverandi kennari og Anna Hulda Einarsdóttir kennsluráðgjafi hjá Reykjanesbæ.
Jólahátíð	Allt starfsfólk skólans	Jólahátíð nemenda var haldin að morgni dags 20. desember. Nemendur héldu litlu jólin inni í bekkjarstofunum sínum ásamt kennara og hélt svo allur skólinn inn í íþróttahús. Þar sýndi 5. bekkur jólaleikrit sem þau voru búin að útfæra og æfa og í kjölfarið dönsuðu nemendur saman í kringum jólatréð.
Prettándinn		Prettándagleði var haldin 5. janúar 2024 í Narfakotsseylu. Þar var boðið uppá kakó og piparkökur fyrir nemendur og starfsfólk Akurskóla. Fengum kakó frá Soho og það var mjög gott. Nemendur komu í tveimur hópum kl. 8.30 mættu nemendur í 1.-5. bekk og kl. 9.15 nemendur í 6. -10. bekk. Bál var kveikt á eldstæðinu, skotið upp flugeldatertu og spiluð áramótatónlist. Mikil hálka og erfitt færi en enginn slasaðist. Búið að sanda gönguleiðina frá skólanum en hefði mátt sanda Narfakotsseylu betur. Vel heppnuð stund og skemmtu allir sér vel.
Öskudagur	Allt starfsfólk	Dagurinn var tvískiptur. 1.-5. bekkur fór á milli í stöðvum sem voru skipulagðar af kennurum. Það sem var í boði voru leikir í íþróttahúsi, bío, þrautir, teikning, dans, púsl og spil. Skóli var frá 8.10-10.40 og var hver árgangur í u.þ.b. 15 mínútur á hverri stöð. Nesti og frímínútur voru ekki þennan dag. Starfsfólk fór í kaffi kl. 10.40 nema þeir sem starfa í frístund sem fóru kl. 9.10-9.30. Gekk vel og voru nemendur ánægðir. Nemendur byrjuðu og enduðu daginn í heimastofu. 6. - 10. bekkur fór í menntastríð. Nemendum var því skipt í 10 hópa þvert á árganga og gengu á milli stofa og kepptu í hinum ýmsu þrautum sem kennarar voru búnir að setja upp. Liðin gátu fengið allt að 16 stig fyrir hverja þraut. Kennarar voru með lífandi excelskjal þar sem stigin voru færð inn um leið og

		voru úrslit tilkynnt af deildarstjóra í lok dags. Sigurliðið fékk pizzaveislu í verðlaun.
Árshátíð skólans	Allt starfsfólk skólans	<p>Árshátíð Akurskóla fór fram 14. og 15. mars.</p> <p>14. mars var uppbrotsdagur samkvæmt skólalagatali og var að flestu leiti hefðbundinn kennsludagur nema árgangar komu á sal í generalprufu samkvæmt skipulagi frá deildarstjóra. Gekk æfing vel og nemendur vel undirbúnir.</p> <p>Árshátíð 7.-10. bekkjar var haldin að kvöldi 14. mars. Árshátíðin hófst kl. 19 með atriðum frá nemendum. Nemendur í 7. bekk fluttu atriði sem þau sömdu sjálf, 8. bekkur var með The Masked Singer, 9. bekkur með tónlistaratriði frá fæðingarári þeirra og 10. bekkur var svo með hið árlega árshátíðarmyndband sem vakti mikla lukku. DJ Gústi B. tók svo við og spilaði fyrir nemendur til kl. 23. Nemendaráð bauð upp á leynigest sem var rapparinn Séra Bjóssi.</p> <p>Umsjónarkennarar í 7.-10. bekk sáu um að vinna á ballinu ásamt þeim sem sjá um Nemendafélagið. Nemendur og umsjónarkennarar í 7.-10. bekk voru svo í fríu 15. mars.</p> <p>Árshátíð 1.-6. bekkjar var haldin 15. mars og var henni tvískipt. Kl. 9.00 mættu nemendur 1.-3. bekkjar og kl. 10.30 mættu nemendur 4.-6. bekk. Glæsileg atriði og greinilega mikil vinna lögð í þau. Atriði 4. bekkjar var atriði Akurskóla á hæfileikahátíð grunnskólanna sem var í maí. Eftir atriði á sal var nemendum og gestum boðið uppá köku, kaffi og djús.</p>
Þema í maí	Allt starfsfólk skólans	<p>Í 1.-4. bekk var þemað Undir berum himni og skipulagði hver árgangur skemmtilegan viðburð sem var m.a. fjöruferð, sund, útibingó, 88húsið og í Njarðvíkurskóga.</p> <p>Í 5.-7. bekk var nemendum skipt í fjóra hópa þvert á árganga. Stöðvarnar skiptust í keppni í Akurtröllinu, sund, ratleik og útileiki.</p> <p>Í 8.-10. bekk var þemað Undir berum himni og þar var nemendum einnig skipt í hópa þvert á árganga. Farið var í útileiki, ratleik og kubb.</p> <p>Þemadagar gengu vel og var mikil gleði.</p>
Vorhátíð	Allt starfsfólk skólans	<p>Nemendur mættu kl. 8.40 í heimastofur. Kl. 8.45 var farið í skruðgöngu og var genginn lítill hringur í hverfinu. Að því loknu var byrjað á stöðvum þar sem hver árgangur keppti í ýmsum greinum. Vegna veðurs þá var stöðin slip´nslide felld niður. Að því loknu var boðið í pylsupartý og stuðboltarnir í VÆB komu héldu uppi stuðinu. Vel heppnuð hátíð og fóru glaðir og ánægðir nemendur heim.</p>
Skólaslit	Allt starfsfólk skólans.	<p>Skólaslit 1.- 9. bekk var haldin í íþróttasal Akurskóla 5.júní kl.9.00. Tvö tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur mættu með foreldrum og kvöddu síðan umsjónarkennarar nemendur sína í heimastofu og afhentu þeim vitnisburð og lásu upp hrósskjöl.</p>
Hátíðarkvöld verður 10. bekkjar	Stjórnendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar	<p>Hátíðarkvöldverðurinn var haldinn á sal skólans fyrir árshátíð grunnskóla Reykjanesbæjar, 11. apríl. Foreldrar 10. bekkjar sáu um að undirbúa salinn, útvega veitingar, þjóna til borðs og ganga frá. Umsjónarkennarar skipulögðu kvöldið en tveir</p>

		nemendur fluttu tónlistaratriði, ræða frá skólastjóra og nemendum fyrir hönd útskriftarhópsins og úr varð skemmtilegt kvöld og allir fóru sáttir á árshátíð í Hljómahöll.
Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	Útskriftarathöfn 10. bekkjar fór fram í íþróttahúsinu kl. 14 þann 4. júní, sama dag og vorhátíð fór fram. Útskriftin var með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri flutti ávarp, fulltrúar nemenda voru með ávarp og umsjónarkennarar fluttu einnig ávarp. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi og mjög góðan námsárangur en viðurkenningarnar voru í formi bókaþjafa sem gefnar voru af félagasamtökum, danska sendiráðinu og Akurskóla. Nemendur voru kallaðir upp á svið einn í einu þar sem lesin voru hrósskjöl, þau fengu Akurskólatrefil og rós, og viðurkenningu þegar við átti. Að athöfninni lokinni voru gestum og starfsfólki boðið í kaffisamsæti á sal skólans sem starfsfólk hafði séð um að útbúa.
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Gott samstarf milli Akurskóla og leikskólanna Akurs og Holts. Nemendur hafa komið í heimsókn með reglulegu millibili. Þeir koma m.a. í íþróttir, nesti og frímínútur og stöðvavinnu.
Lestrarsprettur í apríl/maí fyrir yngsta- og miðstig	Kennarar	Hver og einn nemandi fékk lestrarverkefni við hæfi. Niðurstöður lesfimiprófa voru notuð sem viðmið fyrir hvaða verkefni var lagt fyrir hvern nemanda. Notast var við efnið; Eitt skref í einu og þristurinn. Auk þess voru nokkrir bekkir sem bjuggu til sinn eigin lestrarsprett og söfnuðu lesnum mínútum hjá nemendum sínum.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Var haldin hátíðlegur á sal Akurskóla. Nemendur 1. bekkjar ásamt leikskólunum Akri og Holti fengu atriði á sal en í ár komu Hjörleifur Hjartarson og Rán Flygenring með skemmtilega sýningu. 3. -6. bekkur voru með stutt atriði á sal. Nemendur í 7.-10. bekk fóru á sal þar sem spurningakeppni 10. bekkjar og kennara fór fram. Stóra upplestrarkeppnin var sett og færði 8. bekkur nemendum í 7. bekk ræðupúlt.
Lestraráskorun	Kennarar	Hófst í febrúar og höfðu nemendur tíma til lok maí að klára áskorunina. Nemendur fengu spjald með ýmsum lestraráskorunum sem þeir áttu að ljúka. Þegar spjaldið var fullt fengu nemendur blýant í verðlaun. Gekk vel og nemendur voru áhugasamir. Nemendur mega velja hvort þeir taki þátt í áskoruninni og eftir að tímabilinu lauk voru 23% nemenda á yngsta- og miðstigi búnir með áskorunina. Smá breyting var á lestraráskoruninni þetta skólaárið, en að þessu sinni gátu kennarar einnig tekið þátt. Það var mjög skemmtilegt og hvatti nemendurna einnig áfram.

6. Mat á séstökum þróunarverkefnum eða áhersluatriðum

Í ár voru nokkrir þættir til sérstakrar skoðunar af stjórnendum og starfsfólki skólans.

Tveir þættir voru þróunarverkefni sem sneru að leiðsagnarnámi og samþættingu námsgreina á unglingastigi, Akrinum. Þá fórum við í gagngera endurskoðun á viðbrögðum við ofbeldishegðun nemenda. Þá var haldið áfram með innleiðingu á verkefninu Heilsueflandi skóli.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig.

6.1. Leiðsagnarnám


Í lok skólaárs 2021-2022 var ákveðið að innleiða Leiðsagnarnám í Akurskóla. Sú vinna hófst haustið 2022 með fyrirlestri frá Nönnu K. Christiansen sem skrifaði bókina Leiðsagnarnám: Hvers vegna, hvernig, hvað? Skipað var innleiðingarteymi innan skólans og báru Hildur María Helgadóttir og Rósa Íris Ólafsdóttir hitann og þungan af skipulaginu þetta skólaár. Markmiðið var því að gefa nemendum tæki og tól til að hafa betri stjórn á námi sínu og útskrifa þannig einstaklinga sem hafa trú á því að þeir ráði við áframhaldandi nám og þátttöku í samfélaginu.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að samvinnunám eins og leiðsagnarnámið byggir á, getur leitt til eftirfarandi árangurs:

- Aukin þátttaka óvirkra nemenda
- Hlutfall munnlegs náms eykst sem dregur úr skriflegum verkefnum.
- Nemendur sem hafa lítil tæk á íslensku fá fleiri námstækifæri með því að hlusta.
- Málfar þroskast og orðaforði eykst.
- Dregur úr kynjamun í námsárangri.
- Dregur úr einelti og neikvæðum samskiptum.
- Félagslega einangraðir nemendur ná betri tengslum við hópinn.
- Kennarar eiga auðveldara með að greina hvar nemendur eru staddir í náminu.

Starf teymisins fólst í að kynna hugmyndafræði leiðsagnarnámsins fyrir starfsfólki skólans. Það var gert með fyrirlesturum, skólaheimsókn, lestri starfmannanna heima fyrir og viðræðum á ýmsum fundum. Þetta starf gekk vel og voru margir kennarar farnir að tileinka sér ýmis verkfæri leiðsagnarnáms í auknum mæli. Hluti verkfæra sem voru farin að vera sýnileg voru námsfélagar, vaxandi hugarfar, engar hendur á loft og hæfniviðmið voru gerð sýnilegri fyrir nemendur svo þeir vissu hverju var stefnt að. Þá var sérstaklega unnið með hrós og gerð kennsluáætlana þar sem nemendur fengju tækifæri til að velja að dýpka sig í ákveðnum hæfnipáttum eða velja léttari útgáfu og vera á yfirborðinu.

Gerð var viðhorfskönnun meðal kennara um vinnu við leiðsagnarnámi í vetur og voru niðurstöðurnar helstar þær að rúmlega 90% kennara sem svöruðu voru jákvæðir og um 10% hlutlausir, engin neikvæður. Flestum um 70% gengur vel að tileinka sér leiðsagnarnám en um 30% svara þó hvorki né sem má túlka sem svo að þeir þurfi meiri aðstoð. Enginn vill meira aðhald en allir eru jákvæðir eða hlutlausir gagnvart því að fá inn auka námskeið í haust. Áhugaverðast var að sjá svör kennara þegar þeir voru beðnir um að raða atriðum sem farið hefur verið yfir eftir í hverju þeir eru bestir og hvar þeir þurfa aðstoð.



Ljóst er á þessum niðurstöðum að það sem flestir eru sterkir í er að hrósa á réttan hátt, kenna nemendum um mistök og ávinning þeirra og kenna um vaxandi og fastmótað hugarfar. Það sem kennarar þurfa mesta þjálfun í er að gera kennsluáætlanir þar sem snorkl, köfun og djúpköfun eru í boði og kennsluáætlanir út frá „hvers vegna“ nálguninni.

6.2. Heilsueflandi grunnskóli

Leiðtogi innleiðingar Heilsueflandi grunnskóla er Jón Ásgeir Þorvaldsson. Vinna við gátlistann Hreyfing er hafin og verður tekin fyrir á næsta skólaári. Farið var yfir alla gátlistana og merkt við ef einhverjar breytingar voru á þeim. Dregin var grunnlína fyrir gátlistann Farsæld. Heilsueflandi teymi Akurskóla hittist nokkrum sinnum yfir skólaárið og fundaði um verkefnið. Heilsueflandi teymisstjórar í Grunnskólum í Reykjanesbæ hittust í haust og fóru yfir hvernig gengur og hvar í verkefninu þeir eru staddir. Flest allir eru á


svipuðum stað og markmiðið er vinna þessa vinnu svipað og upplýsa hvort annað um stöðu mála. Teymisstjóri Akurskóla í verkefninu fór reglulega á fjarfundi yfir skólaárið með tengiliði Embætti landslæknis.

Skólaárið 2024-2025


- Aðgerðaáætlun fyrir gátlistann hreyfing verður kláruð.
- Áframhaldandi vinna með gátlistann starfsfólk og einnig verður farið í vinnu með gátlistann hreyfingu.
- Mótuð verður ný heilsustefna í takt við nýja og endurbætta gátlista.
- Ákvörðun um hvaða gátlisti verður tekin fyrir næst.
- Mótuð verður stefna fyrir skólaárið 2025-26.

6.3. Akurinn


Akurinn er heiti á þverfaglegu námi sem unnið var í 8.-10. bekk. Akurskóli hlaut styrk úr Próunarsjóði til þess að setja verkefnið af stað á skólaárinu 2023-2024. Lagt var upp með þá hugmynd að öll verkefni á Akrinum væru skipulögð í þemum og með samþættingu námsgreina. Ráðinn var leiðtogi Akursins og var það Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir og hafði hún yfirumsjón yfir skipulagningu verkefna á Akrinum. Nemendur fengu átta klukkustundir og 40 mínútur á viku á Akrinum og var það fast í stundaskrá. Akurinn þróaðist á skólaárinu og nemendur og kennarar lærðu mikið á þessu fyrsta skólaári í samþættingu námsgreina. Við lok skólaárs var send út könnun til kennara þar sem þeir voru beðnir um að leggja mat á árangur vetrarins og síðan var haldinn umræðufundur með kennurum og stjórnendum. Niðurstöður könnunarinnar og fundarins voru síðan notaðar til grundvallar skipulagningar á Akrinum fyrir næsta skólaár.



Hér má sjá að jákvætt viðhorf til Akursins er ríkjandi en bæta má skipulagið á Akrinum fyrir næsta skólaár.



Ánægjulegt er að sjá að kennarar lögðu sig almennt mikið fram við að taka þátt í þeirri þróunarvinnu sem átti sér stað á skólaárinu í Akrinum.



Vinnuálagið hefur verið talsvert mikið þetta fyrsta ár eins og gefur að skilja með ný þróunarverkefni.

Hvaða námsgreinar finnst þér að eigi að tilheyra Akrinum að einhverju eða öllu leyti?



Hér má sjá þær námsgreinar sem kennarar vilja sjá inni í Akrinum á næsta skólaári. Þá vekur athygli að enska og danska eru ekki talin eiga heima inni á Akrinum og að náttúru- og samfélagsgreinar ásamt upplýsinga- og tæknimennt eiga frekar heima þar.

6.4. Endurskoðun á aga og umgengnisstefnu Akurskóla

Áveðið var að fara í endurskoðun á aga og umgengnisstefnu skólans síðast liðinn vetur. Vinna fór af stað í janúar og á vorönn tók allt starfsfólk þátt í vinnunni. Unnið var með hvern kafla í sitthvoru lagi og starfsfólki var raðað upp í hópa tilviljunarkennt. Vinna hópana var svo tekin saman af stjórnendum og birt til skoðunar og umsagnar í byrjun maí. Ákveðið var að útbúa sérstaka handbók fyrir starfsfólk í stað þess að bæta öllu inn í námsskrá eða almennu handbókina.

3 FLOKKAR AGABROTA

I

- Ögrandi hegðun, rifrildi, þras o.fl.
- Trufun og virðingarleysi við vinnu og leik annarra.
- Gengur illa um.
- Þikkar og potar í aðra til að ögra.
- Hleypur á göngum og er með hávaða.
- Kemur seint í tíma eða fer úr tíma án leyfis.

II

- Notar oft særandi eða niðrandi orðbragð.
- Óhlyónast oft og neitar ítrekað að fara eftir fyrir mælum.
- Segir ítrekað ósatt.
- Skemmir eigur annarra eða eigur skólans.
- Hrekkir og stríðir ítrekað.
- Kemur seint í tíma eða fer úr tíma án leyfis.

III

- Ofbeldi, slagsmál, líkamsárás.
- Ógnandi hegðun og alvarlegar hótanir.
- Siendurtekið áreiði/einelti.
- Skemmdarverk.
- Þjófnaður.
- Neysla eða varsla tobaks (sigarettur, nef- og munntóbak), rafrettur (veip, niktónpúðar), Áfengis og fíkniefni.
- Íkveikja.
- Meðferð vopna og eldfæra.

Akurskóli 2024

3 VIÐBRÖGÐ VIÐ AGABROTUM

I

- Nemandi fær tital frá viðkomandi starfsmanni.
- Nemandi hvattur til að leiðrétta hegðun sína og biðjast afsökunar ef það á við.
- Starfsmaður skráir atvik og geymir hjá sér.

II

- Ef um ítrekað brot er að ræða er nemandi áminntur um fyrra samtali.
- Starfsmaður tekur nemanda afsíðis og ræðir við hann um atvikið og afleiðingar.
- Nemandi sem hefur skemmt eigur er hvattur til að lagfæra það sem skemmdist.
- Forráðamenn upplýstir - helst simleiðis um málið. Ef atvikið er ítrekað eru forráðamenn boðaðir á fund.
- Deildarstjóri stígs upplýstur um málið.
- Atvik skráð í Mentor.
- Frímínútnabann í tiltekin tíma.
- Gerður hegðunarsamningur í samráði við foreldra.
- Skuggavakt í frím.

III

- Nemandi er tekinn strax úr aðstæðum og hafður undir eftirliti starfsmanns.
- Stjórnendur kallaðir til og upplýstir um málavexti.
- Forráðamenn upplýstir og boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnenda.

Akurskóli 2024

Handbókin verður öllum aðgengileg frá hausti.

7. Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allt starfsfólk skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið og á vordögum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllu starfsfólki skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2024 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsfólk skólans, foreldra og nemendur.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS